

Nd.

54. Breytingartillögur

[36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Framan við efnislið 1. gr. koma nýir liðir:

a. B. 35 orðist svo:

Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi við Gerðubergslæk í Eyjahreppi um Krossholt og Kolviðarneslaug að Kolviðarnesi.

b. B. 38 orðist svo:

Stakkhamarsvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða um Borgarholt, Stakkhamar, Mel og Krossa á Ólafsvíkurveg við Gaul.

c. Á eftir B. 38 kemur nýr liður:

Slítandastaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slítandastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.

d. B. 39 orðist svo:

Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla um Lýsudal að Lýshóli og á Ólafsvíkurveg vestan við Vatnsholtsá.

e. Á eftir B. 49 koma nýir liðir:

1. *Hofstaðavegur*: Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog að Hofstöðum, Jónnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.

2. *Þingvallavegur*: Af Stykkishólmsvegi við Tíðás um Borgaland að Þingvöllum.